



Nr.: 22/2022
1. desember 2022

Viðskiptaafgangur var 23,1 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi 2022 – hrein staða við útlönd jákvæð um 23,6% af landsframleiðslu

Á þriðja ársfjórðungi 2022 var 23,1 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd. Það er 65,3 ma.kr. betri niðurstaða en ársfjórðunginn á undan en 5,9 ma.kr. lakari en á sama fjórðungi árið 2021. Halli á vöruskiptajöfnuði var 70,7 ma.kr. en 110,1 ma.kr. afgangur á þjónustujöfnuði.¹ Halli á frumþáttatekjum nam 6,5 ma.kr. og 9,9 ma.kr. á rekstrarframlögum (tafla 1).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2022 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.²

Tafla 1. Greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2021/3</u>	<u>2021/4</u>	<u>2022/1</u>	<u>2022/2</u>	<u>2022/3</u>
Viðskiptajöfnuður	29,0	-35,2	-45,5	-42,2	23,1
Vöruskiptajöfnuður	-45,7	-38,3	-31,1	-39,3	-70,7
Þjónustujöfnuður	63,7	22,2	-0,5	30,2	110,1
Jöfnuður frumþáttatekna	18,9	-8,6	-4,5	-23,2	-6,5
Rekstrarframlög, nettó	-7,9	-10,6	-9,4	-9,8	-9,9
Jöfnuður fjárframlaga	-0,4	-0,9	-0,8	-0,6	-0,7
Fjármagnsjöfnuður	86,1	-56,3	-29,5	-95,1	62,4
Bein fjárfesting	-11,7	-48,2	23,3	-57,2	-104,6
Verðbréf	70,7	36,7	-61,0	-24,5	51,7
Afleiður	4,4	4,7	4,5	2,7	2,3
Önnur fjárfesting	-31,9	-47,6	-2,0	-26,2	115,2
Gjaldeyrisforði	54,7	-1,9	5,6	10,1	-2,2
Skekkjur og vantalið, nettó	57,4	-20,2	16,8	-52,3	40,0

Lakari niðurstaða viðskiptajafnaðar miðað við sama ársfjórðung árið 2021 skýrist af meiri halla af vöruviðskiptum sem nemur 25 ma.kr. og frumþáttatekjum 25,3 ma.kr. Á móti vegur aukinn afgangur af þjónustuviðskiptum sem nemur 46,4 ma.kr. Halli á rekstrarframlögum var 2 ma.kr. meiri.

¹ Sjá á [vef Hagstofunnar](#).

² Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á vef Seðlabankans, www.seðlabanki.is

Í lok ársfjórðungsins var hrein staða við útlönd jákvæð um 863 ma.kr. eða 23,6% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 60 ma.kr. eða 1,6% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.875 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 4.011 ma.kr. Á fjórðungnum batnaði staðan um 62 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta en erlendar eignir hækkuðu um 194 ma.kr. og skuldir um 132 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar hækkuðu virði eigna á ársfjórðungnum um 89 ma.kr. og skulda um 96 ma.kr. og leiddu því til 7 ma.kr. lakari hreinnar erlendar stöðu. Gengi krónunnar lækkaði um 1,7% miðað við gengisskráningargvog en á móti kom að verð á erlendum verðbréfamörkuðum lækkaði um 6,5% milli fjórðunga og verð á bréfum á innlendum hlutabréfamarkaði um 7,1%.

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok 2022/2	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2022/3
Erlendar eignir, alls	4.611	194	89	-19	4.875
Bein fjárfesting	830	-15	17	-8	824
Verðbréf	2.310	102	44	-6	2.450
Afleiður*	8	2	0	0	10
Önnur fjárfesting	583	107	20	-5	704
Gjaldeyrisforði	881	-2	8	0	886
Erlendar skuldir, alls	3.808	132	96	-24	4.011
Bein fjárfesting	1.250	90	54	-17	1.377
Verðbréf	1.496	50	-13	-2	1.531
Afleiður*	30	0	20	0	50
Önnur fjárfesting	1.033	-8	35	-5	1.054
Hrein staða þjóðar- búsins	803	62	-7	5	863
% af VLF	22,0%	1,7%	-0,2%	0,1%	23,6%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.